

## **Stjórnarfundur í félagi landnema í Fellsmörk, miðvikudaginn 28. maí kl. 20–22 á Hæðargarði 34.**

Mættir voru: Einar Ragnar Sigurðsson, formaður, Valdimar Reynisson, Guðrún S. Ólafsdóttir, Einar Kristjánsson og Jóhanna Ólafsdóttir. Einnig sat fundinn Hallur Björgvinson.

Þetta gerðist:

### **1. Skipun ritara og gjaldkera**

Guðrún og Tryggvi féllust á að féllst á að gegna stöðum sínum áfram, Guðrún sem gjaldkeri og Tryggvi sem ritari. Staðfesti stjórnin þessa tilögun.

### **2. Staða mála á vegum, girðingum**

Formaður hafði nýlega skoðað flesta vegina í Fellsmörk og gerði hann grein ástandi þeirra. Umræður fóru fram. Vegir eru að mestu í sæmilegu horfi en þó er á nokkrum stöðum þörf á lagfæringu. Mun formaður ræða viðhald veganna við Helga hjá Skógræktarfélaginu. Formaður upplýsti einnig að girðingarnar í Fellsmörkinni væru mjög illa farnar eftir veður vetrarins og alveg ónýtar á köflum. Fram kom að Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur þegar látið hefja endurnýjun girðinganna.

### **3. Kaup á eldklöppum**

Rætt var um kaup á eldklöppum. Valdimar upplýsti að verð þeirra væri um 12 þúsund krónur hver. Eftir að hafa rætt málið var ákveðið að leggja fram tillögu á aðalfundi um að félagið myndi niðurgreiða kaup félagsmanna á eldklöppum til helmings. Var formanni og Valdimar falið að undirbúa slíka tillögu. Félagsmenn yrðu að panta og greiða fyrirfram.

### **4. Staða Fellsmerkur eftir kaup Skógræktarfélagsins á jörðunum**

Hallur útskýrði hver staðan væri. Salan á jörðunum gekk í gegn rétt fyrir síðustu áramót. Stjórn Skógræktarfélagsins skipaði Björt Ólafsdóttur til að vera kontaktaðili um málefni Fellsmerkur en hún er núna í leyfi. Sjálfur er Hallur að hætta í stjórn Skógræktarfélagsins í haust. Helgi Gislason framkvæmdastjóri er að hætta og búið að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra. Þykir einsýnt að mál þessi verða ekki tekin upp alveg á næstunni og er lítið annað að gera en bíða eftir því að nýr framkvæmdastjóri hafi samband.

### **5. Árlegur plöntudagur**

Samþykkti stjórnin að plöntudagur yrði 4. júlí nk. Mun plöntunefndin senda út póst með ítarlegri upplýsingum. Grillfagnaðurinn verður hjá Tryggva og Helgu í Króki 6.

### **6. Undirbúningur aðalfundar Fellsmerkurfélagsins**

Ákveðið var að hafa aðalfund 15. júní með fyrirvara um að fundarsalur Skógræktarfélagsins fái lánaður. Samþykkt var að leggja til við aðalfundinn að halda árgjaldinu óbreyttu. Formaður mun boða aðalfund. Hann mun einnig koma með mataráhöld. Einar Kristjánsson kaupir með kaffinu. Stefnt er að því að fá Björn B. Jónsson til að flytja fræðsluerindi um eldvarnir. Hallur mun hafa samband við hann.

### **7. Önnur mál**

Rætt um félagsmenn sem eru hættir að greiða félagsgjöld og skulda nokkur ár aftur í tímann. Ákveðið var að taka þá af félagatalinu.

Tryggvi Þórðarson